

134

6. júní

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins geymir fjármuni hans og úthlutar styrk úr sjóðnum. Ræður hún hvort hún auglýsir eftir umsóknum um styrkinn. Engin styrksupphæð má vera minni en 15 kr.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár telst frá stofnun sjóðsins til ársloka 1918. Stjórnarnefnd sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn, sem skal endurskoðaður af tveim endurskoðendum, er kosnir eru á sama hátt og stjórnarnefnd sjóðsins, en þó að eins til eins árs í senn. Skál stjórnarnefndin hafa lokið við að semja reikninginn fyrir 15. janúar, og afhendi hann endurskoðendum í síðasta lagi þann dag, en endurskoðendur skulu aftur afhenda hann stjórnarnefnd sjóðsins með athugasemdum endurskoðenda fyrir 1. febrúar árs hvers.

Skál síðan leggja hann fyrir aðalfund í Kvennfjelaginu, sem úrskurðar reikninginn. Leggist kvennfjelaði niður, skal reikningurinn úrskurðaður af sýslumanninum í Skagafjarðar-sýslu, hreppnefndaroddvita og sóknarnefndarformanni Sauðárkróks. Síðan skal birta reikninginn í Stjórnartíðindunum með árituðum athugasemdum endurskoðenda og árituðum úrskurði.

Sauðárkróki, 20. mars 1918.

Elinborg Jónsdóttir. Þorbjörg Möller. María Pálsdóttir.

135

6. júní

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 6. júní 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Sjúkra- og styrktarsjóð vitavarða Íslands“.

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fje því, sem greiðist af gestum fyrir að skoða vita landsins, að viðbættum gjöfum og öðru því fje, sem á annan hátt kann að áskotnast sjóðnum. Þess utau greiðir hver vitavörður í sjóðinn árlega að minsta kosti 2% af launum sínum (að viðbætttri dýrtíðaruppbót).

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vitaverði, ekkjur þeirra eða ómyndug börn, er bágstödd hafa orðið vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra orsaka. Við styrkveitingar ber

aðallega að taka tillit til þarfa hlutadeigenda, en þó einnig til þess, hve lengi vitavörðurinn hefir þjónað, og hve mikið hann hefir lagt til sjóðsins. Fje sjóðsins skal ávaxta á sem hentugastan hátt að álitu stjórnarráðs. 6. júní 1919

3. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram eins og hjer segir: A hverju ári má úthluta alt að 50% af tekjum sjóðsins árið á undan, þangað til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., því næst 60% þangað til hann er orðinn 20000 kr., 70% til 30000 kr., 80% til 40000 kr. og 90% úr því. Fje það, sem ekki er úthlutað á ári hverju, er lagt til höfuðstólsins, sem ekki má skerða.

4. gr.

Sjóðurinn er eign allra vitavarda, og er hann undir stjórn þriggja manna, sem sjeu: vitamálastjóri, og tveir vitaverðir, er allir vitaverðir kjósa til tveggja ára í seun, en eftir fyrsta árið fer annar þeirra frá eftir hlutkesti; á sama hátt eru kosnir tveir varamenn, er taka til starfa í forföllum hinna og þegar þeir eru við fyrirliggjandi mál riðnir. Sjóðurinn er undir umsjón stjórnarráðs Íslands og birtist ársreikningurinn í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd »Sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarda Íslands«.

Reykjavík, 19. febrúar 1919.

Th. Krabbe,
vitamálastjóri.

Auglýsing

136
6. júní

um breyting á hafasögutaxta fyrir Isafjarðarkaupstað
frá 16. febrúar 1904.

Í stað 1. gr. 2. málsg. komi:

Fyrir skip	40—100 smalestir	15 kr.
— —	100—200 —	20 —
— —	200—400 —	25 —
— —	400—700 —	30 —
— —	700 smál. og þar yfir	35 —

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. júní 1919.

Sigurður Þónsson

Oddur Hermannsson,